

Rétturinn lítur svo á, að stefnda hafi hlotið að vera innan handar að afla sér nafns og heimilisfangs stefnanda og að honum hafi borið að skýra stefnanda þegar í stað frá göllum þeim á fyrrgreindum varningi, er hann vildi bera fyrir sig, sbr. 52. gr. laga nr. 39 frá 19. júní 1922 um lausafjárkaup.

Þykir því rétt að taka kröfur stefnanda til greina að öllu leyti einnig að því, er kröfur hans um málskostnað áhrærir, er samkvæmt framlögðum reikningi, er virðist koma heim við taxta M. F. Í., nemur kr. 689.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Gunnlaugur Stefánsson, greiði stefnandanum, Bjarna Kristjánssyni, kr. 3673.25 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1945 til greiðsludags og í málskostnað kr. 689.00.

Dóminum að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

---

Miðvikudaginn 15. október 1947.

Nr. 120/1945. **Skipaútgæra ríkisins** (Hrl. Ólafur Þorgrímsson) gegn

**Karli Helgasyni** (Hrl. Gústaf A. Sveinsson).

Setudómari próf. Ísleifur Árnason  
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Férbótamál vegna skemmda á bifreið.

### Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 25. september 1945. Krefst hann aðallega algerrar sýknu og málskostnaðar í héraði og fyrir hæstarétti úr hendi stefnda. Til vara krefst hann lækkunar þeirrar fjárhæðar, sem dæmd var í héraði, og að málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti verði þá látinn falla niður.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Telja verður, að landfestar varðbátsins hafi verið í ólagi, og að skipverjum hafi borið að hafa eftirlit með þeim og lagfæra þær. Þá verður og að líta svo á, að stefndi hafi

sýnt óvarkární, er hann ók á landfestina á leið fram bryggjuna. Þykja aðilar bera að jöfnu ábyrgð á tjóni því, er af slysinu hlaut. Úrslit málsins verða því þau, að áfrýjandi verður dæmdur til að greiða stefnda kr. 2238.15 með 5% ársvöxtum frá 11. janúar 1945 til greiðsludags og kr. 900.00 samtals í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

#### Dómsorð:

Áfrýjandi, Skipaútgerð ríkisins, greiði stefnda, Karli Helgasyni, kr. 2238.15 ásamt 5% ársvöxtum frá 11. janúar 1945 til greiðsludags og kr. 900.00 samtals í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

#### Dómur bæjarþings Reykjavíkur 27. júní 1945.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 21. þ. m., hefur Karl Helgason bifreiðarstjóri, Akranesi, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni þann 11. janúar s. l., gegn Skipaútgerð ríkisins til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 4476.31 með 5% ársvöxtum frá útgáfudegi stefnu til greiðsludags og málskostnaðar að mati dómarans.

Stefndi hefur *krafið aðallega* sýknu og málskostnaðar, en *til vara*, að sökinni verði skipt og málskostnaður látinn falla niður.

Málavextir eru þeir, að laust eftir kl. 11 árdegis þann 23. september s. l. ók stefnandi fólksbifreið sinni R 659 niður bryggju þá hér í bænum, sem nefnd er Ægisgarður. Kveðst hann hafa ekið um 5½ metra frá vesturbrún bryggjunnar með nálægt 15 km hraða, miðað við klukkustund. Er bifreiðin var komin um miðja vegu fram bryggjuna, sé lengdin reiknuð frá breikkun hennar, rakst bifreiðin á virstreng, sem lá frá varðskipinu Óðni skáhallt niður á við, þvert yfir vesturhluta bryggjunnar í járnhring hér um bil á miðri bryggjunni. Var fjarlægð hans upp frá bryggjunni, að því er stefnandi telur, 50—60 cm, þar sem bifreiðin rakst á hann. Olli strengurinn töluverðum skemmdum á bifreiðinni. Kröfur sínar byggir stefnandi á því, að skipverjum á varðbátnum Óðni, sem sé eign stefnda, hafi samkvæmt 15. gr. reglugerðar nr. 100 frá 1917 borið skylda til að sjá um, að landfestar varðbátsins tepptu ekki umferð um bryggjuna, enda hafi það ekki verið nauðsynlegt vegna festingar skipsins né hafnarstjóri veitt leyfi til þess. Telur stefnandi hins vegar, að festarstrengur þessi hafi verið svo grannur og samlitur bryggjunni, að erfitt hafi verið að koma auga

á hann, enda óvanalegt og ekki við því að búast, að umferð sé teppt á þenna hátt á jafn fjölfarinni leið og þessari, en við bryggjuna liggja jafnan mörg skip. Hefur hann í þessu sambandi bent á vottorð tveggja bifreiðarstjóra (dómskjöl 5 og 6) og eins hjólreiðarmanns (dómskjal 7), er allir óku á nefndan streng, er þeir áttu leið um bryggjuna þenna sama morgun, og hafi enginn þeirra orðið vírstrengsins var, fyrr en árekstur varð.

Stefnandi telur sig því hafa sýnt fulla aðgæzlu, en slys þetta hafi eingöngu orðið fyrir vangæzlu skipverja varðbátsins, en stefndi beri ábyrgð á yfirsjón þeirra. Beri stefnda því að bæta sér það tjón, sem af slysinu hlaut, en það sé viðgerðarkostnaður við bifreiðina, kr. 2376.31, og atvinnutjón vegna afnotamissis hennar, kr. 2100.00, eða alls kr. 4476.31, sem sé stefnukrafan í máli þessu.

Stefndi byggir sýknukröfu sína fyrst og fremst á því, að orsök þess, að nefndur vírstrengur lyftist upp frá bryggjunni, hafi verið sú, að e/s Málmey VE 10 hafi umræddan morgun skriðið með framstefni sitt undir strenginn og lyft honum upp, er skipið hækkaði með flóðinu. Þetta hafi skipverjum varðbátsins verið með öllu ókunnugt um, og verði því ekki vanrækslu þeirra að neinu leyti kennt um áreksturinn.

Í annan stað byggir stefndi sýknukröfu sína á því, að slysið hafi eingöngu orðið vegna óvarkárni stefnanda, jafnvel þótt svo yrði talið, að skipverjar varðskipsins hafi átt að gæta þess, að strengurinn lyftist ekki, eins og raun varð á.

Það er upp komið í málinu, að þrjú skip lágu milli varðbátsins Óðins og bryggjunnar, og var fyrrnefnt skip, Málmey, eitt þeirra og næst bryggjunni, en háflæði var þenna morgun kl. 8.40. Ekki er véfengt, að orsök þess, að strengurinn lyftist, hafi verið sú, sem stefndi heldur fram. Enn fremur er leitt í ljós, að þenna umrædda morgun voru vöruhlaðar á miðju bryggjunnar, en á hægri hluta hennar fór fram uppskipun. Var því umferð, eins og á stóð, einungis möguleg um vesturhluta hennar, þar sem þó fyrrgreindur strengur tálmaði hana. Það verður að líta svo á, að skipverjum varðskipsins hafi borið að hafa eftirlit með, að landfestar skipsins færu ekki úr lagi, þannig að þær gætu valdið tjóni, og skiptir orsökina til þess, að þær færðust úr lagi, ekki máli í þessu sambandi. Eins og málsatvikum hefur verið lýst, verður því að rekja meginorsök slyssins til vangæzlu skipverja varðskipsins í þessu efni, en samkvæmt ákvæðum 13. gr. siglingalaganna þykir stefndi eiga að bera ábyrgð á fyrrgreindri vanrækslu skipverjanna. Sýknukrafa stefnda verður því ekki tekin til greina.

Kemur þá til athugunar, hvort stefnandi geti talizt meðvaldur að slysinu. Hefur stefndi haldið því fram, að stefnandi hafi ekki sýnt þá aðgæzlu við akstur bifreiðarinnar, er honum bar á sliksu stað, sem ætlaður er skipum fyrir landfestar þeirra og sér-

staklega útbúin í því skyni, enda megi alltaf búast við farartálmum þar, og því ástæða til að gæta fyllstu varúðar í umferð.

Þegar þess er gætt, að fullbjart var og virstrengurinn það hátt yfir bryggjunni og það gildur, að með góðri athygli virðist hafa mátt sjá hann, en stefnandi ók með um 15 km hraða, miðað við klukkustund, eftir bryggju, þar sem búast mátti við farartálmum og sérstakrar aðgæzlu var því þörf, þá þykir stefnandi hafa sýnt slíka óvarkárni, að telja verði, að hann eigi einnig nokkra sök á, hvernig fór. Þykir eftir öllum atvikum rétt að skipta sök á slysinu þannig, að stefndi verði látinn bera  $\frac{2}{3}$  hluta sakar, en stefnandi  $\frac{1}{3}$  hluta hennar. Ber stefnda því að bæta stefnanda tjón hans í samræmi við það.

Fjárhæð bótakröfunnar hefur ekki verið véfengd af hálfu stefnda, og verður hún því lögð óskipt til grundvallar.

Úrslit málsins verða því þau, að stefnda ber að greiða stefnanda  $\frac{2}{3}$  hluta af kr. 4476.31 eða kr. 2984.21 með 5% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 450.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Skipautgerð ríkisins, greiði stefnanda, Karli Helgasyni, kr. 2984.21 með 5% ársvöxtum frá 11. janúar 1945 til greiðsludags og kr. 450.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 15. október 1947.

Kærumálið nr. 20/1947. Guðlaugur Ásgeirsson  
gegn

Hannesi Ágústssyni.

Setudómari próf. Ólafur Lárusson  
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Kærð synjun dómara um frest.

Dómur hæstaréttar.

Með kæru 6. júní þ. á., er hingað barst 3. þ. m., hefur sóknaraðili kært úrskurð, kveðinn upp á bæjarþingi Reykjavíkur hinn 6. júní s. l., þar sem sóknaraðilja er synjað frekari frests í máli varnaraðilja gegn honum. Sóknaraðili hefur